

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 504/2008

2013/EES/4/38

frá 6. júní 2008

um framkvæmd tilskipana ráðsins 90/426/EBE og 90/427/EBE að því er varðar aðferðir til að auðkenna dýr af hestaætt (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/426/EBE frá 26. júní 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á flutninga og innflutning höfðýra frá þriðju löndum ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 4. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/427/EBE frá 26. júní 1990 um ræktunar- og erfðafraeðiskilyrði sem hafa áhrif á viðskipti með höfðýr innan Bandalagsins ⁽²⁾, einkum 4. gr. (c- og d-lið 2. mgr.), 6. gr. (öðrum undirlið 2. mgr.) og 8. gr. (fyrstu undirgrein 1. mgr.),

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 94/28/EB frá 23. júní 1994 um meginreglur um ræktunar- og erfðafraeðiskilyrði fyrir innflutningi frá þriðju löndum á dýrum og sæði, eggjum og fósturvísam úr þeim og um breytingu á tilskipun 77/504/EBE um hreinræktuð kynbótadýr af nautgripakyni ⁽³⁾, einkum 4. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/623/EBE frá 20. október 1993 um auðkennisskírteini (vegabréf) er fylgja skuli skráðum höfðýrum ⁽⁴⁾ var komið á aðferð til að auðkenna skráð dýr af hestaætt í tilflutningum vegna eftirlits með heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 149, 7.6.2008, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, 22.4.2010, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 42. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/104/EB (Stjttíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 352).

⁽²⁾ Stjttíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 55.

⁽³⁾ Stjttíð. EB L 178, 12.7.1994, bls. 66.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB L 298, 3.12.1993, bls. 45. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2000/68/EB (Stjttíð. EB L 23, 28.1.2000, bls. 72).

2) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/68/EB frá 22. desember 1999 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/623/EBE og um auðkenningu dýra af hestaætt til undaneldis og ræktunar ⁽⁵⁾ er mælt fyrir um reglur varðandi auðkennisskírteini sem fylgja skal dýrum af hestaætt við tilflutning.

3) Framkvæmd ákvarðana 93/623/EBE og 2000/68/EB hefur verið mismunandi eftir aðildarríkjum. Auk þess tengist auðkenning dýra af hestaætt tilflutningi í þessum ákvörðunum, en í löggjöf Bandalagsins, er varðar aðrar tegundir búfjár, eru ákvæði um að dýr skuli auðkennd m.a. vegna sjúkdómsvarna, án tillits til þess hvort verið sé að flytja þau til eður ei. Auk þess getur þetta tvíþætta kerfi fyrir dýr af hestaætt til ræktunar og framleiðslu annars vegar og fyrir skráð dýr af hestaætt hins vegar leitt til þess að fleiri en eitt auðkennisskírteini séu gefin út fyrir hvert dýr, en aðeins er unnt að koma í veg fyrir það með því að setja á dýrið óafmáanlegt merki, sem er þó ekki endilega sýnilegt, þegar það er fyrst auðkennt.

4) Skýringarmyndin í auðkennisskírteininu, sem sett er fram í ákvörðun 93/623/EBE, samrýmist ekki að öllu leyti áþekktum upplýsingum sem alþjóðaleg samtök, sem hafa umsjón með dýrum af hestaætt vegna keppni og kapphlaupa, og Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin gera kröfu um. Því er rétt að í þessari reglugerð sé kveðið á um skýringarmynd sem hentar þörfum Bandalagsins og samrýmist þessum kröfum sem hafa verið samþykktar á alþjóðlegum vettvangi.

5) Innflutningur á dýrum af hestaætt er áfram háður skilyrðum sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/426/EBE og þó einkum í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/196/EBE frá 5. febrúar 1993 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og útgáfu heilbrigðisvottorðs dýralæknis vegna innflutnings á höfðýrum til slátrunar ⁽⁶⁾, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/197/EBE frá 5. febrúar 1993 um heilbrigðisskilyrði dýra og útgáfu heilbrigðisvottorða vegna innflutnings á skráðum höfðýrum til undaneldis og framleiðslu ⁽⁷⁾.

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB L 23, 28.1.2000, bls. 72.

⁽⁶⁾ Stjttíð. EB L 86, 6.4.1993, bls. 7. Ákvörðuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1792/2006 (Stjttíð. ESB L 362, 20.12.2006, bls. 1).

⁽⁷⁾ Stjttíð. EB L 86, 6.4.1993, bls. 16. Ákvörðuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1792/2006.

- 6) Þegar reglum um tollmeðferð, sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um setningu tollareglna Bandalagsins ⁽¹⁾, er beitt er nauðsynlegt að vísa einnig til reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 706/73 frá 12. mars 1973 um Bandalagsákvæði sem gilda um Ermarsundseyjar og Mön og varða viðskipti með landbúnaðarafurðir ⁽²⁾. Í reglugerð (EBE) nr. 706/73 er kveðið á um að frá og með 1. september 1973 gildi reglur Bandalagsins á sviði heilbrigðislöggjafar um dýr og dýraafurðir, en þær ná ekki til dýraræktarlöggjafar. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um þá reglugerð.
- 7) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða ⁽³⁾ er kveðið á um skilgreiningu á umsjónarmanni dýra. Hins vegar er vísað til eiganda eða ræktanda dýrs í 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/426/EBE. Í tilskipun ráðsins 92/35/EBE frá 29. apríl 1992 varðandi reglur um eftirlit með og ráðstafanir gegn Afríkuhrossapest ⁽⁴⁾ er kveðið á um samþætta skilgreiningu á eiganda og umsjónarmanni. Samkvæmt löggjöf Bandalagsins og landslöggjöf er eigandi dýrs af hestaætt ekki endilega sá sem ber ábyrgð á dýrinu, og því þykir rétt að taka fram að umsjónarmaður dýrs af hestaætt, sem kann að vera eigandinn, skuli fyrst og fremst bera ábyrgð á því að dýr af hestaætt séu auðkennd í samræmi við þessa reglugerð.
- 8) Í þágu samræmis í löggjöf Bandalagsins skulu aðferðirnar við auðkenningu dýra af hestaætt, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, gilda með fyrirvara um ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/78/EB frá 10. janúar 1996 um viðmiðanir fyrir færslu og skráningu dýra af hestaætt í ættbækur vegna kynbóta ⁽⁵⁾.
- 9) Þessar aðferðir skulu vera í samræmi við meginreglurnar sem ræktunarsamtök hafa sett og samþykktar hafa verið í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/353/EBE frá 11. júní 1992 um viðmið fyrir samþykki eða viðurkenningu á félögum eða samtökum sem halda eða stofna ættbækur yfir skráð hófdýr ⁽⁶⁾. Í samræmi við þá ákvörðun er það samtakanna eða félagsins, sem heldur upprunalega ættbók yfir kynið, að setja meginreglur um kerfi til þess að auðkenna dýr af hestaætt og um skiptingu ættbókarinnar í flokka og um forfeður og -mæður sem færð eru inn í ættbókina.
- 10) Auk þess er rétt að í upprunavottorði, sem um getur í d-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/427/EBE og sem fellt er inn í auðkennisskírteinið, sé getið allra nauðsynlegra upplýsinga til að tryggja að dýr af hestaætt, sem flutt eru milli mismunandi ættbóka, séu færð inn í réttan flokk ættbókar út frá viðmiðunum sem þau uppfylla.
- 11) Í samræmi við þriðja undirlið 1. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 96/510/EB frá 18. júlí 1996 um ættartölur og dýraræktarvottorð vegna innflutnings á kynbótadýrum, sæði þeirra, eggfrumum og fósturvísu ⁽⁷⁾ skal ættartala og dýraræktarvottorð skráðra dýra af hestaætt vera í samræmi við auðkennisskírteinið sem mælt er fyrir um í ákvörðun 93/623/EBE. Því er nauðsynlegt að taka fram að líta beri á allar tilvísanir til ákvörðunar 93/623/EBE og til ákvörðunar 2000/68/EB sem tilvísanir til þessarar reglugerðar.
- 12) Þar eð auðkenna skal öll dýr af hestaætt, sem eru fædd í Bandalaginu eða flutt inn í Bandalagið í samræmi við þessa reglugerð, með einkvæmu auðkennisskírteini, eru sérákvæði nauðsynleg þegar stöðu dýrs er breytt úr dýri af hestaætt til ræktunar og framleiðslu í skráð dýr af hestaætt eins og það er skilgreint í c-lið 2. gr. tilskipunar 90/426/EBE.
- 13) Aðildarríki geta kveðið á um sértækt fyrirkomulag til að auðkenna dýr af hestaætt sem ganga frjáls, villt eða hálfvillt á afmörkuðum svæðum eða yfirráðasvæðum, þ.m.t. náttúruverndarsvæði, í þágu samræmis við aðra málsgrein 2. gr. tilskipunar 92/35/EBE.
- 14) Notkun rafrænna kennimerkja (merkissvara) fyrir dýr af hestaætt er þegar í víðtækri notkun á alþjóðavettvangi. Nota skal þá tækni til að tryggja trausta tengingu milli auðkenningarinnar og dýra af hestaætt. Rétt er að merkja dýr af hestaætt með merkissvara, en nauðsynlegt er að kveða á um aðrar aðferðir við sannprófun á auðkenni dýrsins, að því tilskildu að slíkar staðgöngu-aðferðir veiti sambærilegar tryggingar, svo komist verði hjá því að mörg auðkennisskírteini séu gefin út.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006 (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 68, 15.3.1973, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1174/86 (Stjtið. EB L 107, 24.4.1986, bls. 1).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 157, 10.6.1992, bls. 19. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/729/EB (Stjtið. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 26).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 19, 25.1.1996, bls. 39.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 192, 11.7.1992, bls. 63.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 210, 20.8.1996, bls. 53. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2004/186/EB (Stjtið. ESB L 57, 25.2.2004, bls. 27).

- 15) Auðkennisskírteini skal ávallt fylgja dýrum af hestaætt í samræmi við gildandi löggjöf Bandalagsins en rétt er að kveða á um heimild til undanþágu frá þeirri kröfu þegar ómögulegt eða mjög erfitt reynist að verða við henni að því er varðar það að halda auðkennisskírteininu til haga allan æviferil dýrs af hestaætt, eða ef slíkt skjal hefur ekki verið gefið út vegna þess að slátra á dýrinu áður en það hefur náð þeim hámarksaldri sem krafist er vegna auðkenningar.
- 16) Slíkum undanþágum skal beita með fyrirvara um 14. gr. tilskipunar ráðsins 2003/85/EB frá 29. september 2003 um ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki ⁽¹⁾, sem heimilar undanþágur frá tilteknum sjúkdómsvarnarráðstöfunum að því er varðar auðkennd dýr af hestaætt á bújörðum þar sem staðfest hefur verið að viðkomandi sjúkdómur hafi komið upp.
- 17) Einnig er rétt að heimila aðildarríkjum að leyfa einfaldað auðkennisskírteini til nota vegna dýra af hestaætt sem verið að að flytja til innan yfirráðasvæðis þeirra. Plastkort með innbyggðum tölvukubbum (snjallkort) hafa verið kynnt sem gagnageymslubúnaður á mörgum sviðum. Slík snjallkort mætti gefa út sem annan kost til viðbótar við auðkennisskírteinið og nota við tilteknar aðstæður í stað auðkennisskírteinisins sem fylgir dýrum af hestaætt í tilflutningum innan aðildarríkis.
- 18) Í samræmi við 8. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005 frá 5. desember 2005 um bráðabirgðafyrirkomulag við framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 ⁽²⁾ skal eigi síðar en í árslok 2009 uppfylla kröfur um upplýsingar um matvælaferlið að því er varðar dýr af hestaætt.
- 19) Nauðsynlegt er að kveða á um þau tilvik þar sem upprunalegt auðkennisskírteini, sem gefið var út í samræmi við þessa reglugerð fyrir allan æviferil dýrsins, hefur glatast. Í slíkum ákvæðum ætti sem mest má verða að útiloka ólögmetta vörslu fleiri en eins auðkennisskírteinis til þess að lýsa réttilega stöðu dýrsins þannig að það sé ætlað til slátrunar og manneldis. Ef nægar og sannprófanlegar upplýsingar eru tiltækar skal gefa út eftirrit sem merkt er sem slíkt og útilokar dýrið almennt frá matvælaferlinu; í öðrum tilvikum er rétt að gefa út nýtt skjal í stað hins, einnig merkt sem slíkt, sem að auki lækkar stöðu dýrs af hestaætt, sem áður hefur verið skráð, þannig að það sé dýr af hestaætt til ræktunar og framleiðslu.
- 20) Í samræmi við 4. og 5. gr. tilskipunar 90/426/EBE er auðkennisskírteinið tæki sem gerir það kleift að kyrrsetja dýr af hestaætt ef sjúkdómur kemur upp á bújörðinni þar sem þau eru haldin eða ræktuð. Því er nauðsynlegt að kveða á um að hægt sé að ógilda skjalið tímabundið vegna tilflutnings ef tilteknir sjúkdómar koma upp með því að færa viðeigandi upplýsingar í auðkennisskírteinið.
- 21) Ef dauða dýrs af hestaætt ber að á annan hátt en við slátrun í slátruhúsi skal það yfirvald, sem hefur umsjón með vinnslu skrokkans í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis ⁽³⁾, skila auðkennisskírteininu til þess aðila er gaf það út og rétt er að tryggja að ekki sé unnt að endurnota merkissvarann eða hvern þann búnað annan sem notaður er til að auðkenna dýr af hestaætt, þ.m.t. merki.
- 22) Til að koma í veg fyrir að merkissvarar fari inn í matvælaferlið skal kjöt af dýrum, sem ekki hefur verið unnt að fjarlægja merkissvarann úr við slátrun, úrskurðað óhæft til manneldis í samræmi við II. þátt V. kafla í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sér-tækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ⁽⁴⁾.
- 23) Stöðlun á stungustað fyrir merkissvara og skráning hans í auðkennisskírteini ætti að auðvelda það að finna aftur ístunginn merkissvara.
- 24) Í samræmi við 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽⁵⁾, eru lifandi dýr, sem eru meðhöndluð til manneldis til setningar á markað, skilgreind sem matvæli. Í þeirri reglugerð er kveðið á um víðtæka ábyrgð stjórnenda matvæla fyrirtækja á öllum stigum matvælaframleiðslu, þ.m.t. að því er varðar rekjanleika dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 306, 22.11.2003, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/104/EB.

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 338, 22.12.2005, bls. 83. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1246/2007 (Stjtuð. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 21).

⁽³⁾ (Stjtuð. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1432/2007 (Stjtuð. ESB L 320, 6.12.2007, bls. 13).

⁽⁴⁾ Stjtuð ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206; leiðrétt í Stjtuð. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 83. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006.

⁽⁵⁾ Stjtuð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 575/2006 (Stjtuð. ESB L 100, 8.4.2006, bls. 3).

- 25) Dýr af hestaætt til ræktunar og framleiðslu svo og skráð dýr af hestaætt geta orðið dýr af hestaætt til slátrunar, eins og það er skilgreint í d-lið 2. gr. tilskipunar 90/426/EBE, á tilteknu skeiði á æviferli þeirra. Kjöt af hófdýrum, sem er samheiti yfir dýr af hestaætt, er skilgreint í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽¹⁾.
- 26) Í samræmi við 7. lið III. þáttar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 skal stjórnandi sláturhúss taka við, fara yfir og fara eftir upplýsingum um matvælaferlið þar sem tíundaður er uppruni, ferill og stjórnun dýra sem ætluð eru til matvælaframleiðslu. Lögbært yfirvald getur heimilað að upplýsingar um matvælaferlið, að því er varðar tamin hófdýr, séu sendar sláturhúsinu með dýrunum en ekki fyrirfram. Auðkennisskírteinið, sem fylgir dýrum af hestaætt til slátrunar, ætti því að vera hluti af þeim upplýsingum um matvælaferlið.
- 27) Í samræmi við 1. lið II. þáttar III. kafla í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 skal opinberi dýralæknirinn ganga úr skugga um að stjórnandi matvælaafyrirtækis hafi sinnt skyldu sinni og tryggt að dýr, sem tekið er við til slátrunar til mannelis, hafi verið auðkennd á viðeigandi hátt.
- 28) Í samræmi við 8. lið III. þáttar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 skulu stjórnendur matvælaafyrirtækja skoða vegabréf, sem fylgja tömdum hófdýrum, til að ganga úr skugga um að slátra eigi dýrinu til mannelis, og taki þeir við dýrinu til slátrunar skulu þeir afhenda opinbera dýralækninum vegabréfið.
- 29) Með fyrirvara um reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽²⁾ og tilskipun ráðsins 96/22/EB frá 29. apríl 1996 um að banna í búfjárrækt notkun tiltekinna efna, sem hafa hormónavirkni eða skjaldheftandi virkni, og notkun betaörva ⁽³⁾ fellur lyfjameðhöndlun dýra af hestaætt undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf ⁽⁴⁾.
- 30) Í 2. og 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/82/EB er kveðið á um tiltekna undanþágur vegna dýra af hestaætt frá ákvæðum 11. gr. þeirrar tilskipunar, sem varða meðhöndlun dýra, sem gefa af sér afurðir til mannelis, með lyfjum sem hámarksgildi leifa hefur verið skilgreint fyrir að því er varðar dýrategundina, aðra en þá sem lyfið er ætlað, eða sem eru leyfð við önnur skilyrði, að því tilskildu að þessi dýr af hestaætt hafi verið auðkennd í samræmi við löggjöf Bandalagsins og að í auðkennisskírteininu sé sérstaklega tekið fram að þau séu ekki ætluð til slátrunar og mannelis eða að þau séu ætluð til slátrunar og mannelis eftir a.m.k. sex mánaða biðtíma til afurðanýtingar eftir meðhöndlun með efnum sem tilgreind eru í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1950/2006 frá 13. desember 2006 um skrá, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB um Bandalagsreglur um dýralyf, yfir efni sem eru nauðsynleg við meðhöndlun dýra af hestaætt ⁽⁵⁾.
- 31) Til þess að hafa eftirlit með útgáfu auðkennisskírteina skal skrá í gagnagrunn tiltekið lágmark viðeigandi gagna er varða útgáfu slíkra skjala. Gagnagrunnarnir í hinum ýmsu aðildarríkjum skulu hafa með sér samstarf í samræmi við tilskipun ráðsins 89/608/EBE frá 21. nóvember 1989 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu löggjafar um heilbrigði dýra og dýrarækt ⁽⁶⁾ til að greiða fyrir gagnaskiptum.
- 32) Alþjóðlegt lífsnúmerakerfi fyrir hross (e. Universal Equine Life Number System, UELN) hefur verið samþykkt um allan heim af hálfu helstu hrossaræktar- og keppnissamtaka. Þetta kerfi var þróað að frumkvæði World Breeding Federation for Sport Horses (WBFSH) (heimssamtök keppnishestaræktenda), The International Stud Book Committee (ISBC) (alþjóðanefnd ættbókarinnar), The World Arabian Horse Organization (WAHO) (heimssamtök um arabíska hestinn), The European Conference of Arabian Horse Organisations (ECAHO) (Evrópuráðstefna samtaka um arabíska hestinn), Confédération Internationale de l'Anglo-Arabe (CIAA), Fédération Equestre Internationale (FEI) og Union Européenne du Trot (UET) og unnt er að nálgast upplýsingar um kerfið á vefsetri UELN ⁽⁷⁾.

⁽¹⁾ Stjórn. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55; leiðrétt í Stjórn. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1243/2007 (Stjórn. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 8).

⁽²⁾ Stjórn. ESB L 224, 18.8.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 61/2008 (Stjórn. ESB L 22, 25.1.2008 bls. 8).

⁽³⁾ Stjórn. ESB L 125, 23.5.1996, bls. 3. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/74/EB (Stjórn. ESB L 262, 14.10.2003, bls. 17).

⁽⁴⁾ Stjórn. ESB L 311, 28.11.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/28/EB (Stjórn. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 58).

⁽⁵⁾ Stjórn. ESB L 367, 22.12.2006, bls. 33.

⁽⁶⁾ Stjórn. ESB L 351, 2.12.1989, bls. 34.

⁽⁷⁾ <http://www.ueln.net>

33) Alþjóðlega lífsmúmerakerfið fyrir hross (UELN-kerfið) hentar bæði fyrir skráningu á skráðum dýrum af hestaætt og einnig á dýrum af hestaætt til ræktunar og framleiðslu og gerir kleift að innleiða smám saman tölvuvædd netkerfi til að tryggja að unnt sé að sannprófa áfram auðkenni dýranna í samræmi við 6. gr. tilskipunar 90/427/EBE þegar um er að ræða skráð dýr af hestaætt.

34) Þeir kóðar, sem úthlutað er í tengslum við gagnagrunna, og þau snið, sem eru notuð fyrir skráð auðkennisnúmer hvers dýrs, mega ekki á nokkurn hátt stangast á við UELN-kerfið sem komið hefur verið á fót. Því skal fletta upp í kóða Alþjóðlega lífsmúmerkerfisins (UELN-kóðinn), sem úthlutað hefur verið, áður en nýr kóði er settur inn í gagnagrunn.

35) Í 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 90/426/EBE er sett fram sú krafa að opinber dýralæknir skrái kenninúmer eða númer auðkennisskrteinis dýra af hestaætt sem hefur verið slátrað, og áframsendi til lögbærs yfirvalds á sendingarstað, að beiðni þess yfirvalds, vottorð þar sem staðfest er að viðkomandi dýri af hestaætt hafi verið slátrað. Í samræmi við i. lið 4. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar skal skila auðkennisskrteinum skráðra dýra af hestaætt til þess aðila er gaf þau út eftir að viðkomandi dýrum af hestaætt hefur verið slátrað. Þessar kröfur skulu einnig gilda um auðkennisskrteini sem gefin eru út fyrir dýr af hestaætt til ræktunar og framleiðslu. Skráning lífsmúmers, sem samrýmist UELN-kerfinu, og notkun þess til þess að tilgreina þau yfirvöld eða aðila, sem gáfu út auðkennisskrteinin, ætti að greiða fyrir því að kröfurnar verði uppfylltar. Aðildarríkin skulu, eftir því sem unnt er, nota þær samskiptastofnanir sem þau hafa tilnefnt í samræmi við 35. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽¹⁾.

36) Því aðeins er unnt að tryggja það dýralækniseftirlit, sem nauðsynlegt er til að veita dýraheilbrigðisábyrgðir í samræmi við 4. og 5. gr. tilskipunar 90/426/EBE, að lögbært yfirvald viti af bújörðinni eins og hún er skilgreind í a-lið 2. gr. þeirrar tilskipunar. Áþekkar kröfur leiða af beitingu laga um matvæli í tengslum við dýr af hestaætt sem haldin eru sem dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis. Vegna þess hversu dýr af hestaætt eru flutt oft til miðað við annan búfénað ætti þó ekki að freista þess að koma á rauntímarekjanleika fyrir dýr af hestaætt. Því ætti auðkenning dýra af hestaætt að vera fyrsta skrefið í átt að kerfi til auðkenningar og skráningar fyrir dýr af hestaætt sem lokið verður í tengslum við nýja stefnu Bandalagsins er varðar dýraheilbrigði.

37) Með tilliti til samræmdrar beitingar löggjafar Bandalagsins varðandi auðkenningu á dýrum af hestaætt í aðildarríkjunum og til þess að tryggja að hún sé skýr og gagnsæ skal fella úr gildi ákvörðun 93/623/EBE og ákvörðun 2000/68/EB og þessi reglugerð koma í þeirra stað.

38) Rétt er að kveða á um umbreytingarráðstafanir til þess að aðildarríkin geti lagað sig að reglunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

39) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og fastanefndarinnar um dýrarækt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur varðandi auðkenningu dýra af hestaætt:

a) sem eru fædd í Bandalaginu eða

b) sem eru sett í frjálsra dreifingu í Bandalaginu í samræmi við tollafgreiðsluna sem skilgreind er í a-lið 16. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2913/92.

2. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um:

a) reglugerð (EBE) nr. 706/73 og ákvörðun 96/78/EB og

b) ráðstafanir aðildarríkjanna til að skrá bújarðir þar sem dýr af hestaætt eru haldin.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L165, 30.4.2004, bls. 1; leiðrétt útgáfa (Stjótið. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1) Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006.

2. gr.

II. KAFLI

Skilgreiningar**AUÐKENNISKÍRTEINI**

1. Að því er varðar þessa reglugerð gilda skilgreiningarnar í a-lið, c- til f-lið, h- og i-lið 2. gr. tilskipunar 90/426/EBE og í c-lið 2. gr. tilskipunar 90/427/EBE.

3. gr.

2. Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

a) „umsjónarmaður“: einstaklingur eða lögaðili, sem á eða hefur til vörslu eða hefur verið falið að gæta dýrs af hestaætt, gegn gjaldi eða án þess og hvort heldur til frambúðar eða til bráðabirgða, þ.m.t. í flutningum, á mörkuðum eða meðan á keppnum, kapphlaupum eða menningarviðburðum stendur,

b) „merkissvari“: skrifvarinn, hlutlaus búnaður til auðkenningar með tíðni fyrir þráðlausar sendingar:

i. sem samræmist staðlinum ISO 11784 og styðst við HDX- eða FDX-B-tækni og

ii. sem hægt er að lesa af með búnaði sem er samhæfður staðlinum ISO 11785, í 12 cm fjarlægð hið minnsta,

c) „dýr af hestaætt“: villt eða tamin hófdýr af öllum tegundum, sem falla undir ættkvíslina Equus af ættinni Equidae, og kynblendingar þeirra,

d) „einkvæmt lífsnúmer“: einkvæmur 15 stafa alstafakóði sem geymir upplýsingar um hvert og eitt dýr af hestaætt og gagnagrunninn og landið þar sem slíkar upplýsingar eru fyrst skráðar í samræmi við alþjóðlegt lífsnúmerakerfi fyrir hross (UELN-kerfið), og samanstendur af:

i. sex tölustafa auðkenniskóða sem samrýmist UELN-kerfinu fyrir gagnagrunninn sem um getur í 1. mgr. 21. gr. og síðan kemur

ii. níu tölustafa einstaklingsbundið auðkennisnúmer sem hverju dýri af hestaætt er úthlutað,

e) „snjallkort“: búnaður úr plasti með innbyggðum tölvukubb sem getur geymt gögn og sent þau rafrænt til samhæfðra tölvukerfa.

Almennar meginreglur og skylda til að auðkenna dýr af hestaætt

1. Ekki má halda dýr af hestaætt, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., nema þau séu auðkennd í samræmi við þessa reglugerð.

2. Ef umsjónarmaðurinn hefur ekki eignarhald á tilteknu dýri af hestaætt skal hann, í samræmi við þessa reglugerð, koma fram fyrir hönd þess einstaklings eða lögaðila sem hefur eignarhald á viðkomandi dýri af hestaætt og í samráði við hann (eigadann).

3. Að því er varðar þessa reglugerð skulu eftirtalin atriði vera hluti af auðkenningarkerfinu fyrir dýr af hestaætt:

a) einkvæmt auðkennisskírteini til lífstíðar,

b) aðferð til að tryggja ótvíræða tengingu milli auðkennisskírteinisins og viðkomandi dýrs af hestaætt,

c) gagnagrunnur, þar sem sanngreiningarupplýsingarnar, sem tengjast dýrinu, sem auðkennisskírteini var gefið út fyrir til aðila sem skráður er í sama gagnagrunninum, eru skráðar undir einkvæmu auðkennisnúmeri.

4. gr.

Aðilar sem gefa út auðkennisskírteini fyrir dýr af hestaætt

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að auðkennisskírteini, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. fyrir skráð dýr af hestaætt, sé gefið út af eftirtöldum aðilum (útgáfuaðilum):

a) samtökunum eða félaginu sem hefur verið opinberlega viðurkennt eða samþykkt af hálfu aðildarríkisins, eða af hálfu opinberrar stofnunar viðkomandi aðildarríkis, hvort tveggja eins og um getur í fyrsta undirlið c-liðar 2. gr. tilskipunar 90/427/EBE, sem sér um ættbókina fyrir þetta dýrakyn, eins og um getur í c-lið 2. gr. tilskipunar 90/426/EBE eða

b) útibúi alþjóðasambands eða -samtaka með höfuðstöðvar í tilteknu aðildarríki, sem hafa umsjón með keppnis- eða veðhlaupahestum eins og um getur í c-lið 2. gr. tilskipunar 90/426/EBE.

2. Auðkennisskírteinin, sem yfirvöld þriðja lands gefa út og sem gefa út ættartöluvottorð í samræmi við við þriðja undirlið 1. gr. ákvörðunar 96/510/EB, teljast gild í samræmi við þessa reglugerð fyrir skráð dýr af hestaætt sem um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr.

3. Útgáfuaðili auðkennisskírteinis, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. fyrir dýr af hestaætt til ræktunar og framleiðslu, skal tilnefndur af hálfu lögbæra yfirvaldsins.

4. Þeir útgáfuaðilar, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., skulu fara eftir þessari reglugerð, einkum ákvæðum 5. gr., 8. til 12. gr., 14., 16., 17., 21. og 23. gr.

5. Aðildarríkin skulu taka saman og halda uppfærða skrá yfir útgáfuaðila og birta þessar upplýsingar á vefsetri þar sem þær eru aðgengilegar öðrum aðildarríkjum og almenningi.

Upplýsingum um útgáfuaðila skulu fylgja a.m.k. þær samskiptaupplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 19. gr.

Í því skyni að aðstoða aðildarríkin við að gera þessar uppfærðu skrár aðgengilegar skal framkvæmdastjórnin halda úti vefsetri þar sem hvert aðildarríki skal setja hlekk á eigið vefsetur.

6. Þær skrár yfir útgáfuaðila í þriðju löndum, sem um getur í 2. mgr., skulu teknar saman og uppfærðar í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

a) lögbært yfirvald í þriðja landi, þar sem útgáfuaðilinn er staðsettur, ábyrgist eftirfarandi:

- i. að útgáfuaðilinn fari að ákvæðum 2. mgr.,
- ii. að útgáfuaðilinn, hafi hann verið samþykktur í samræmi við tilskipun 94/28/EBE, uppfylli kröfuna um upplýsingar sem um getur í 3. mgr. 21. gr. þessarar reglugerðar,
- iii. skrár yfir útgáfuaðila eru teknar saman, uppfærðar og lagðar fyrir framkvæmdastjórnina,

b) framkvæmdastjórnin skal:

i. senda aðildarríkjunum reglulegar tilkynningar um nýjar eða uppfærðar skrár sem lögbær yfirvöld í viðkomandi þriðju löndum hafa sent henni í samræmi við iii. lið a-liðar,

ii. sjá til þess að almenningur hafi aðgang að uppfærðum útgáfum af þessum skrár,

iii. ef nauðsyn krefur skal bæta málinu, sem tengist skránni yfir útgáfuaðila í þriðju löndum, án ástæðulausrar tafar á dagskrá fastanefndarinnar um dýrarækt til ákvörðunar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar ráðsins 88/661/EBE ⁽¹⁾.

5. gr.

Auðkenning dýra af hestaætt sem eru fædd í Bandalaginu

1. Dýr af hestaætt, sem eru fædd í Bandalaginu, skulu auðkennd með einkvæmu auðkennisskírteini í samræmi við fyrirmyndina að auðkennisskírteini fyrir dýr af hestaætt sem sett er fram í I. viðauka (auðkennisskírteini eða vegabréf). Það skal gefið út og gilda allan æviferil viðkomandi dýrs af hestaætt.

Auðkennisskírteinið skal vera á prentuðu, óskiptanlegu sniði og hafa að geyma færslur til þess að unnt sé að setja inn upplýsingar sem krafist er samkvæmt eftirfarandi þáttum þess:

a) ef um er að ræða skráð dýr af hestaætt: I. til X. þáttur,

b) ef um er að ræða dýr af hestaætt til ræktunar og framleiðslu: a.m.k. I., III., IV. og VI. til IX. þáttur.

2. Útgáfuaðilinn skal sjá til þess að ekkert auðkennisskírteini sé gefið út fyrir dýr af hestaætt nema a.m.k. I. þáttur þess hafi verið útfylltur á viðeigandi hátt.

3. Með fyrirvara um 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar 96/78/EB og þrátt fyrir ákvæði a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar skulu skráð dýr af hestaætt auðkennd í auðkennisskírteininu í samræmi við reglur útgáfuaðilanna sem um getur í 1. eða 2. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar.

⁽¹⁾ Stjórn. EB L 382, 31.12.1988, bls. 36.

4. Að því er varðar skráð dýr af hestaætt skal útgáfuaðilinn, sem um getur í a-lið 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, færa inn í II. þátt auðkennisskírteinisins upplýsingarnar í upprunavottorðinu sem um getur í d-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/427/EBE.

Í samræmi við meginreglur samþykktu eða viðurkenndu ræktunarsamtakanna, sem halda ættbók fyrir það upprunalega kyn sem viðkomandi skráð dýr af hestaætt tilheyrir, skal upprunavottorðið hafa að geyma allar upplýsingar um ættartölu dýrsins, þann þátt ættbókarinnar sem um getur í 2. eða 3. gr. ákvörðunar 96/78/EB og, ef hann er fyrir hendi, þann flokk í aðalkaflnum sem dýrið af hestaætt er skráð í.

5. Til þess að fá auðkennisskírteini skal umsjónarmaðurinn, eða eigandinn ef þess er sérstaklega krafist samkvæmt lögum í því aðildarríki þar sem dýrið er fætt, leggja fram umsókn innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 6. mgr. þessarar greinar og í 1. mgr. 7. gr. að því er varðar auðkennisskírteinið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, hjá útgáfuaðilanum, sem um getur í 1., 2. eða 3. mgr. 4. gr., og veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar.

6. Með fyrirvara um 1. mgr. 13. gr. skulu dýr af hestaætt, sem fædd eru í Bandalaginu, auðkennd í samræmi við þessa reglugerð fyrir 31. desember á fæðingarári viðkomandi dýrs af hestaætt eða innan sex mánaða frá fæðingardegi, eftir því hvora dagsetninguna ber upp síðar.

Þrátt fyrir 1. undirgrein er aðildarríkjunum heimilt að takmarka þennan hámarksfrest til að auðkenna dýr af hestaætt við sex mánuði.

Þau aðildarríki sem nýta sér undanþáguna, sem kveðið er á um í annarri undirgrein, skulu upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um það.

7. Röð þátta og númeraröðun þeirra skal haldast óbreytt í auðkennisskírteininu, nema að því er varðar 1. þátt sem setja má í miðopnu skírteinisins.

8. Ekki skal gera eftirrit af auðkennisskírteininu eða skipta því út, nema í samræmi við ákvæði 16. og 17. gr.

6. gr.

Undanþága frá útfyllingu I. þáttar auðkennisskírteinisins

Ef merkissvara hefur verið stungið undir húð í samræmi við 11. gr., eða ef sérstakt, óafmáanlegt og sýnilegt merki er notað

í staðinn í samræmi við 12. gr., er heimilt, þrátt fyrir 2. mgr. 5. gr., að sleppa því að fylla út upplýsingarnar í b- til h-lið 3. liðar í A-hluta I. þáttar og í 12. til 18. lið í skýringarmyndinni í B-hluta I. þáttar auðkennisskírteinisins eða að notast við ljósmynd eða útprentun, sem er nægilega skýr til þess að unnt sé að sanngreina viðkomandi dýr af hestaætt, í stað þess að fylla út skýringarmyndina.

Undanþágan, sem kveðið er á um í fyrstu málsgreininni, er með fyrirvara um þær reglur um auðkenningu dýra af hestaætt sem útgáfuaðilarnir, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 4. gr., hafa mælt fyrir um.

7. gr.

Undanþágur varðandi auðkenningu tiltekinna dýra af hestaætt sem lifa villt eða hálfvillt

1. Þrátt fyrir 1., 3. og 5. mgr. 5. gr. getur lögbært yfirvald ákveðið að dýr af hestaætt, sem tilheyra skilgreindum stofnum sem lifa villtir eða hálfvilltir á tilteknum svæðum, m.a. á náttúruverndarsvæðum, sem viðkomandi yfirvald skilgreinir, skuli því aðeins auðkennd í samræmi við ákvæði 5. gr. ef þau eru flutt burt af slíkum svæðum eða tekin í notkun sem húsdýr.

2. Þau aðildarríki, sem hyggjast nýta sér undanþáguna sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um stofnana og svæðin sem um er að ræða:

a) innan sex mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar eða

b) áður en undanþágunni er beitt.

8. gr.

Auðkenning innfluttra dýra af hestaætt

1. Umsjónarmaðurinn, eða eigandinn ef þess er sérstaklega krafist samkvæmt lögum í því aðildarríki þar sem dýrið er flutt inn, skal sækja um auðkennisskírteini eða um skráningu á fyrirbyggjandi auðkennisskírteini í gagnagrunn viðeigandi útgáfuaðila, í samræmi við 21. gr., innan 30 daga frá þeim degi þegar tollafgreiðslu lýkur, eins og hún er skilgreind í a-lið 16. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2913/92, þegar:

a) dýr af hestaætt eru flutt inn til Bandalagsins, eða

b) um er að ræða tímabundinn aðflutning sem er skilgreindur í i-lið 2. gr. tilskipunar 90/426/EBE sem breytt er í endanlegan innflutning í samræmi við iii. lið 19. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Ef dýri af hestaætt, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, fylgja skjöl sem ekki eru í samræmi við 1. mgr. 5. gr. eða þar koma ekki fram tilteknar upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð, skal útgáfuadilinn, að beiðni umsjónarmannsins, eða eigandans ef þess er sérstaklega krafist samkvæmt lögum aðildaríkisins þar sem dýrið er flutt inn:

a) fylla út umrædd skjöl svo þau séu í samræmi við kröfurnar í 5. gr., og

b) skrá sanngreiningarupplýsingar viðkomandi dýrs af hestaætt og viðbótarupplýsingar í gagnagrunninn í samræmi við 21. gr.

3. Ef ekki er unnt að breyta skjölum, sem fylgja dýrum af hestaætt og um getur í 1. mgr. þessarar greinar svo þau séu í samræmi við kröfurnar sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr., skulu þau ekki teljast gild til auðkenningar samkvæmt þessari reglugerð.

Ef skjölin, sem um getur í fyrstu undirgrein, eru afhent útgáfuadilinum eða hann ógildir þau ber að skrá þann gerning í gagnagrunninn, sem um getur í 21. gr., og dýrin af hestaætt skulu auðkennd í samræmi við 5. gr.

III. KAFLI

ATRÍÐI SEM BER AÐ YFIRFARA FYRIR ÚTGÁFU AÐKENNISKÍRTEINA OG ÁÐUR EN MERKISSVARAR ERU NOTAÐIR

9. gr.

Sannprófun á einkvæmum auðkennisskírteinum sem gefin eru út fyrir dýr af hestaætt

Áður en auðkennisskírteini er gefið út skal útgáfuadilinn, eða einstaklingurinn sem kemur fram fyrir hönd hans, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að:

a) sannprófa að ekkert slíkt auðkennisskírteini hafi áður verið gefið út fyrir viðkomandi dýr af hestaætt,

b) koma í veg fyrir útgáfu margra auðkennisskírteina fyrir eitt og sama dýrið af hestaætt í sviksamlegum tilgangi.

Þessar ráðstafanir skulu að minnsta kosti fela í sér að farið sé yfir viðeigandi skjöl og rafrænar skrár, kannað sé hvort dýrið

beri einhver tákni eða merki sem benda til fyrri auðkenningar og að beitt sé þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 10. gr.

10. gr.

Ráðstafanir til að greina fyrri, virkar merkingar á dýrum af hestaætt

1. Ráðstafanirnar, sem um getur í 9. mgr., skulu a.m.k. vera ráðstafanir til þess að greina:

a) hvort einhverjum merkissvara hafi áður verið stungið undir húð með því að nota aflestrartæki sem samræmist staðlinum ISO 11785 og getur lesið HDX- og FDX-B merkissvara, a.m.k. þegar aflestrartækið er í beinni snertingu við þann hluta líkamans, þar sem merkissvara er stungið við venjulegar aðstæður,

b) hvers kyns klínísk einkenni sem benda til þess að ístunginn merkissvari hafi verið fjarlægður með skurðaðgerð,

c) hvers kyns önnur merki á dýrinu sem notuð hafa verið í samræmi við b-lið 3. mgr. 12. gr.

2. Ef ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í 1. mgr., benda til þess að merkissvara hafi áður verið stungið undir húð, eða að eitthvert annað merki hafi verið notað í samræmi við b-lið 3. mgr. 12. gr., skal útgáfuadilinn grípa til eftirfarandi ráðstafana:

a) ef um er að ræða dýr af hestaætt sem fædd eru í einhverju aðildarríkjanna skal hann gefa út eftirrit eða staðgönguauðkennisskírteini í samræmi við 16. eða 17. gr.,

b) ef um er að ræða innflutt dýr af hestaætt skal hann fara eftir 2. mgr. 8. gr.

3. Ef ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr., benda til þess að merkissvara hafi áður verið stungið undir húð, eða ef ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr., benda til þess að eitthvert annað merki hafi verið notað, skal útgáfuadilinn færa upplýsingarnar á viðeigandi hátt í A-hluta auðkennisskírteinisins og í I. þátt B-hlutans á skýringarmynd þess.

4. Ef óskjalfest fjarlæging merkissvara eða annars merkis, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, hefur verið staðfest í tengslum við dýr af hestaætt, sem fætt er í Bandalaginu, skal útgáfuadilinn, sem um getur í 1. eða 3. mgr. 4. gr., gefa út staðgönguauðkennisskírteini í samræmi við 17. gr.

*11. gr.***Rafrænar aðferðir við sannprófun auðkennis**

1. Útgáfuaðilinn skal sjá til þess að þegar dýr af hestaætt er fyrst auðkennt skuli það merkt með því að stinga merkissvara undir húð á því.

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um lágmarksmenntun og hæfi sem krafist er vegna inngripsins sem um getur í fyrstu undirgrein, eða tilnefna einstakling eða starfsgrein sem fela skal slíkar aðferðir.

2. Merkissvaranum skal stungið undir húð á hnakkabandssvæðinu mitt á milli hnakka og herðakambis að viðhafðri smitgát.

Þó getur lögbært yfirvald leyft að merkissvara sé stungið undir húð á öðrum stað á hálsi dýrs af hestaætt, að því tilskildu að ístunga þar stofni ekki velferð dýrsins í hættu og auki ekki hættu á að merkissvarinn færist úr stað, umfram þá aðferð sem um getur í fyrstu undirgrein.

3. Þegar merkissvaranum er stungið undir húð í samræmi við 1. og 2. mgr. skal útgáfuaðilinn færa eftirfarandi upplýsingar inn í auðkennisskírteinið:

- a) í 5. lið A-hluta I. þáttar: a.m.k. síðustu 15 tölustafi kóðans, sem merkissvarinn sendir frá sér og birtast á aflestrartæki eftir ístungu, ásamt, eftir því sem við á, sjálflímandi miða með strikamerki eða útprentun á strikamerkinu með a.m.k. þessa síðustu 15 tölustafina í kóðanum sem merkissvarinn sendir frá sér,
- b) í 11. lið A-hluta I. þáttar: undirritun og stimpil aðilans sem um getur í 1. mgr. og sá um auðkenninguna og stakk merkissvaranum undir húð,
- c) í 12. eða 13. lið skýringarmyndar í B-hluta I. þáttar, eftir því hvoru megin merkissvaranum hefur verið stungið undir húðina: staðsetningu ístungna merkissvarans í dýrið af hestaætt.

4. Þrátt fyrir a-lið 3. mgr. þessarar greinar og þegar ráðstafanirnar sem kveðið er á um í 2. mgr. 26. gr. eru gerðar vegna dýrs af hestaætt sem áður hefur verið merkt með ístungnum merkissvara, sem ekki er í samræmi við staðlana sem skilgreindir eru í b-lið 2. mgr. 2. gr., skal setja nafn

framleiðanda aflestrarkerfisins í 5. lið A-hluta I. þáttar auðkennisskírteinisins.

5. Ef aðildarríki mæla fyrir um reglur í samræmi við staðlana sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr. til að tryggja einkvæmni númeranna, sem merkissvaranir birta, sem útgáfuaðilar, sem um getur í a-lið 1. mgr. 4. gr., hafa komið fyrir og lögbær yfirvöld viðkomandi aðildarríkis hafa samþykkt í samræmi við ákvörðun 92/353/EEB, skal beita þeim reglum þannig að það skapi ekki vanda fyrir auðkenningarkerfið sem útgáfuaðili í öðru aðildarríki eða þriðja landi hefur mælt fyrir um, enda hafi sú auðkenning verið í samræmi við þessa reglugerð að beiðni umsjónarmanns, eða eigandans ef þess er sérstaklega krafist samkvæmt lögum aðildarríkisins þar sem dýrið er fætt.

*12. gr.***Staðgönguaðferðir til að sannprófa auðkenningu**

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 11. gr. geta aðildarríki heimilað auðkenningu dýra af hestaætt með heppilegum staðgönguaðferðum, þ.m.t. merki, sem veita jafngildar vísindalegar tryggingar sem, einar sér eða í sameiningu, tryggja að unnt sé að sannreyna auðkenni dýrsins af hestaætt og að komið sé á skilvirkan hátt í veg fyrir að gefin séu út tvö auðkennisskírteini (staðgönguaðferð).

Útgáfuaðilinn skal sjá til þess að ekkert auðkennisskírteini sé gefið út fyrir dýr af hestaætt nema staðgönguaðferðin, sem um getur í fyrstu undirgrein, sé færð inn í 6. eða 7. lið A-hluta I. þáttar auðkennisskírteinisins og skráð í gagnagrunninn í samræmi við f-lið 1. mgr. 21. gr.

2. Ef staðgönguaðferð er notuð skal umsjónarmaðurinn leggja fram úrræði til þess að nálgast upplýsingarnar um auðkenningu eða, ef við á, bera kostnað af sannprófun á auðkenni dýrsins.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess:

- a) að staðgönguaðferðirnar séu ekki notaðar sem eina úrræðið til að sannprófa auðkenni meginþorra dýra af hestaætt sem er auðkenndur í samræmi við þessa reglugerð,
- b) að ekki sé hægt að ruglast á sýnilegum merkjum, sem notuð eru fyrir dýr af hestaætt til ræktunar og framleiðslu, og þeim sem eru tekin frá til notkunar fyrir skráð dýr af hestaætt á yfirráðasvæði þeirra.

4. Þau aðildarríki sem hyggjast nýta sér undanþáguna sem kveðið er á um í 1. mgr. skulu koma upplýsingum þess efnis á framfæri við framkvæmdastjórnina, önnur aðildarríki og almenning á vefsetri.

Í því skyni að aðstoða aðildarríkin við að gera þessar upplýsingar aðgengilegar skal framkvæmdastjórnin halda úti vefsetri þar sem hvert aðildarríki skal setja hlekk á eigið vefsetur.

IV. KAFLI

TILFLUTNINGUR OG FLUTNINGAR DÝRA AF HESTAÆTT

13. gr.

Tilflutningur og flutningar skráðra dýra af hestaætt og dýra af hestaætt til ræktunar og framleiðslu

1. Auðkennisskírteini skal ávallt fylgja skráðum dýrum af hestaætt og dýrum af hestaætt til ræktunar og framleiðslu.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þarf auðkennisskírteini ekki að fylgja dýrum af hestaætt, sem um getur í þeirri málsgrein, þegar þau:

a) eru í húsi eða bithaga og umsjónarmaðurinn getur framvísað auðkennisskírteininu tafarlaust,

b) eru flutt til bráðabirgða á fæti, annaðhvort:

i. í nágrenni bújarðarinnar innan aðildarríkis, þannig að framvísa megi auðkennisskírteininu innan þriggja klukkustunda eða

ii. færð til og frá sumarbithögum í tengslum við farbeit dýra af hestaætt og framvísa má auðkennisskírteininu á bújörðinni sem farið var frá,

c) eru enn á spena og fylgja móður eða fósturhryssu,

d) taka þátt í þjálfun eða prófun fyrir reiðkeppni eða viðburð sem krefst þess að þau þurfi að fara af staðnum þar sem keppnin eða viðburðurinn er haldinn,

e) eru flutt til eða flutt vegna neyðarástands sem varðar sjálf dýrin af hestaætt, eða, með fyrirvara um annan undirlið 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/85/EB, til bújarðarinnar þar sem þau eru haldin.

14. gr.

Undanþágur vegna tiltekinna tilflutninga og flutninga með eða án einfaldaðra auðkennisskírteina

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 13. gr. getur lögbært yfirvald heimilað tilflutning eða flutning innan aðildarríkis á þeim dýrum af hestaætt, sem um getur í þeirri málsgrein, án þess að þeim fylgi auðkennisskírteini, að því tilskildu að þeim fylgi snjallkort sem gefið er út af sama aðila og gaf út auðkennisskírteini þeirra og hefur að geyma upplýsingarnar sem settar eru fram í II. viðauka.

2. Þau aðildarríki, sem nýta sér undanþáguna sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, geta veitt hvert öðru undanþágur vegna tilflutninga eða flutninga dýra af hestaætt, sem um getur í 1. mgr. 13. gr., innan yfirráðsvæðis þeirra.

Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um fyrirætlun sína um að veita slíkar undanþágur.

3. Útgáfuaðilinn skal gefa út bráðabirgðaskjal þar sem er að finna a.m.k. tilvísun til einkvæms lífsnúmers og, liggi hann fyrir, kóða merkissvarans, þannig að tilflutningur eða flutningur dýra af hestaætt sé leyfður innan sama aðildarríkis á tímabili sem ekki er lengra en 45 dagar, og á meðan er auðkennisskírteinið afhent útgáfuaðila eða lögbæru yfirvaldi svo upplýsingar um auðkenningu verði uppfærðar.

4. Ef dýr af hestaætt er flutt til annars aðildarríkis eða í gegnum annað aðildarríki á tímabilinu sem um getur í 3. mgr. skal, án tillits til skráningarstöðu dýrsins, auk bráðabirgðaskjalsins fylgja því heilbrigðisvottorð í samræmi við viðauka C við tilskipun 90/426/EBE. Ef dýrið er ekki merkt með merkissvara eða ef dýrið er ekki auðkennt með staðgönguáðferð í samræmi við 12. gr. þessarar reglugerðar skal fylgja heilbrigðisvottorðinu lýsing í samræmi við I. þátt auðkennisskírteinisins.

15. gr.

Tilflutningar og flutningar dýra af hestaætt til slátrunar

1. Auðkennisskírteinið, sem gefið er út í samræmi við 1. mgr. 5 gr. eða 8. gr., skal fylgja dýrum af hestaætt við tilflutning eða flutning til slátruhúss.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. getur lögbært yfirvald heimilað að dýr af hestaætt, sem á að slátra og ekki hefur verið auðkennt í samræmi við 5. gr., sé flutt beint frá fæðingarbújörð til slátruhúss innan sama aðildarríkis að því tilskildu að:

- a) dýrið af hestaætt sé yngra en 12 mánaða og hafi sýnilegar stjörnur á mjólkurúttönnum,
- b) óslitinn rekjanleiki sé frá fæðingarbújörð til sláturhúss,
- c) í flutningum til sláturhússins sé unnt að sanngreina hvert dýr af hestaætt um sig í samræmi við 11. eða 12. gr.,
- d) sendingunni fylgi upplýsingar um matvælaferlið í samræmi við III. þátt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, þar á meðal tilvísun til auðkenningar hvers dýrs um sig sem um getur í c-lið þessarar málsgreinar.
3. Ákvæði b-, c- og d-liða 1. mgr. 19. gr. gilda ekki ef um er að ræða tilflutning eða flutning dýra af hestaætt til slátrunar í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.

V. KAFLI

ÚTGÁFA EFTIRRITA, ÚTSKIPTING- OG TÍMABUNDIN NIÐURFELLING AUÐKENNISSKÍRTEINA

16. gr.

Eftirrit auðkennisskírteina

1. Hafi upprunalegt auðkennisskírteini glatast en unnt er að sanngreina dýr af hestaætt, nánar tiltekið með kóðanum sem merkissvarinn sendir eða með staðgönguauðferðinni, og yfirlýsing um eignarhald er tiltæk skal útgáfuaðilinn, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., gefa út eftirrit auðkennisskírteinis með tilvísun til einkvæma lífsnúmersins og merkja skjalíð greinilega sem slíkt (eftirrit auðkennisskírteinis).

Þegar svo háttar til skal dýr af hestaætt flokkað í II. hluta IX. þáttar í eftirriti auðkennisskírteinisins sem dýr sem ekki er ætlað til slátrunar til mannelis.

Upplýsingar um eftirrit auðkennisskírteinis, sem gefið hefur verið út, og flokkun dýrs af hestaætt í IX. þætti þess skulu færðar inn með tilvísun til einkvæma lífsnúmersins í gagnagrunninum sem um getur í 21. gr.

2. Þrátt fyrir aðra undirgrein 1. mgr. getur lögbært yfirvald ákveðið að fella tímabundið úr gildi stöðu dýrs af hestaætt, sem ætlað er til slátrunar til mannelis, um sex mánaða skeið ef umsjónarmaðurinn getur með fullnægjandi hætti sýnt fram á það innan 30 daga frá því tilkynnt var um að auðkennis-

skírteini hefði glatast að stöðu dýrs af hestaætt, sem ætlað er til slátrunar til mannelis, hafi ekki verið teft í tvísýnu vegna lyfjameðferðar.

Í því skyni skal lögbært yfirvald færa inn dagsetningu upphafs sex mánaða ógildingartímabilsins í fyrsta dálk III. hluta IX. þáttar í eftirriti auðkennisskírteinisins og fylla út þriðja dálk þess.

3. Ef útgáfuaðili, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., gaf upprunalega auðkennisskírteinið, sem glataðist, út í þriðja landi skal viðkomandi, upphaflegi útgáfuaðilinn gefa út eftirrit auðkennisskírteinisins og senda til umsjónarmannsins eða, ef þess er sérstaklega krafist samkvæmt lögum aðildarríkisins þar sem dýrið af hestaætt er staðsett, til eigandans fyrir tilstilli útgáfuaðilans eða lögbærs yfirvalds í því aðildarríki.

Þegar svo háttar til skal dýrið af hestaætt flokkað í II. hluta IX. þáttar í eftirriti auðkennisskírteinisins sem dýr sem ekki er ætlað til slátrunar til mannelis og færslan í gagnagrunninum, sem um getur í 1. lið 1. mgr. 21. gr., löguð til samræmis við það.

Þó getur útgáfuaðili, sem um getur í a-lið 1. mgr. 4. gr., sem skráir dýr af hestaætt af viðkomandi kyni eða útgáfuaðili, sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr., sem skráir dýr af hestaætt í því skyni í aðildarríkinu þar sem dýrið af hestaætt er staðsett, gefið út eftirrit auðkennisskírteinis, hafi upphaflegur útgáfuaðili í þriðja landi falllist á það.

4. Ef útgáfuaðili, sem ekki er lengur tiltækur, gaf út upprunalegt auðkennisskírteini, sem glataðist, skal útgáfuaðili í aðildarríkinu þar sem dýrið af hestaætt er staðsett gefa út eftirrit auðkennisskírteinis í samræmi við 1. mgr.

17. gr.

Staðgönguauðkennisskírteini

Hafi upprunalegt auðkennisskírteini glatast og ekki er unnt að sanngreina dýr af hestaætt skal útgáfuaðilinn, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., í aðildarríkinu þar sem dýrið af hestaætt er staðsett, gefa út staðgönguauðkennisskírteini (staðgönguauðkennisskírteini) sem skal greinilega merkt sem slíkt og vera í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í b-lið 1. mgr. 5. gr.

Þegar svo háttar til skal dýrið af hestaætt flokkað í II. hluta IX. þáttar í staðgönguauðkennisskírteininu sem dýr sem ekki er ætlað til slátrunar til mannelis.

Upplýsingar um staðgönguauðkennisskírteini, sem gefið er út, og skráningarstöðu dýrsins af hestaætt og flokkun í IX. þátt skírteinisins skulu aðlagðar til samræmis við það í gagnagrunninum, sem um getur í 21. gr., með tilvísun til einkvæma lífsnúmerans.

18. gr.

Ógilding auðkennisskírteina vegna tilflutnings

Opinber dýralæknir skal fella auðkennisskírteinið tímabundið úr gildi vegna tilflutnings með viðeigandi færslu í VIII. þátt þess, ef dýr af hestaætt er haldið á bújörð eða það kemur frá bújörð sem:

- a) sett er bann á eins og um getur í 5. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/426/EBE, eða
- b) er í aðildarríki eða hluta þess sem ekki er laust við afrikuhrossapest.

VI. KAFLI

DAUÐI DÝRA AF HESTAÆTT OG DÝR AF HESTAÆTT SEM ÆTLUÐ ERU TIL SLÁTRUNAR TIL MANNELDIS OG SKRÁNING LYFJAGJAFAR

19. gr.

Dauði dýra af hestaætt

1. Við slátrun eða dauða dýrs af hestaætt skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

- a) koma skal í veg fyrir að unnt verði að nota merkissvarann síðar í sviksamlegum tilgangi, nánar tiltekið með endurheimt, eyðingu eða förgun á staðnum,
- b) auðkennisskírteinið skal gert ógilt, a.m.k. með því að stimpla „ógilt” á fyrstu síðu þess,
- c) senda skal útgáfuaðila, annaðhvort milliliðalaust eða fyrir milligöngu tengiliðsins sem um getur í 4. mgr. 23. gr., með tilvísun til einkvæms lífsnúmerans dýrsins af hestaætt, vottorð þess efnis að dýrinu af hestaætt hafi verið slátrað, það hafi verið aflífað eða hafi drepist, þ.m.t. dauðadægur dýrsins, og

d) ógilda auðkennisskírteinið skal eyðilaggt.

2. Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í 1. mgr. skulu vera í höndum eða háðar eftirliti:

- a) opinbers dýralæknis,
 - i. ef um að ræða slátrun eða aflífun vegna sjúkdómsvarna, í samræmi við i. lið 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/426/EBE, eða
 - ii. eftir slátrun, í samræmi við 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 90/426/EBE, eða
- b) lögbærs yfirvalds, sem skilgreint er í i-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002, ef um er að ræða förgun eða vinnslu skrokksins í samræmi við 4. eða 5. grein þeirrar reglugerðar.

3. Ef ekki er unnt að endurheimta merkissvara af dýri af hestaætt, sem er slátrað til manneldis, eins og krafist er í a-lið 1. mgr. skal opinber dýralæknir lýsa því yfir að kjötið eða sá hluti þess sem hefur að geyma merkissvarann sé óhæfur til manneldis í samræmi við n-lið 1. liðar V. kafla II. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004.

4. Þrátt fyrir d-lið 1. mgr. og með fyrirvara um reglurnar sem útgáfuaðili birtir í auðkennisskírteininu geta aðildarríki komið á málsmeðferðarreglum til þess að endursenda ógilda skírteinið til útgáfuaðila.

5. Í öllum tilvikum þegar dýr af hestaætt, sem ekki er getið um í þessari grein, deyr eða tapast skal umsjónarmaðurinn endursenda auðkennisskírteinið til viðeigandi útgáfuaðila, sem um getur í 1., 2. eða 3. mgr. 4. gr., innan 30 daga frá því dýrið deyr eða tapast.

20. gr.

Dýr af hestaætt sem ætluð eru til slátrunar til manneldis og skráning lyfjagjafar

1. Litið skal svo á að dýr af hestaætt sé ætlað til slátrunar til manneldis nema því sé afdráttarlaust lýst yfir í II. hluta IX. þáttar auðkennisskírteinisins að það sé ekki ætlað til manneldis, með undirritun:

- a) umsjónarmanns eða eiganda að eigin ákvörðun, eða

b) umsjónarmanns og dýralæknis sem ber ábyrgðina, í samræmi við 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/82/EB.

2. Áður en til meðhöndlunar kemur í samræmi við 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/82/EB eða til meðhöndlunar með lyfi, sem leyft er í samræmi við 3. mgr. 6. gr. sömu tilskipunar, skal dýralæknir, sem ber ábyrgðina, ganga úr skugga um að staða dýrsins af hestaætt sé annað hvort að það sé ætlað til slátrunar til mannelis, sem er sjálfgefin staða, eða að það sé ekki ætlað til slátrunar til mannelis eins og sett er fram í II. hluta IX. þáttar auðkennisskírteinisins.

3. Ef meðhöndlunin, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, er ekki leyfð fyrir dýr af hestaætt sem ætlað er til slátrunar til mannelis skal dýralæknirinn, sem ber ábyrgðina, sjá til þess í samræmi við undanþáguna, sem kveðið er á um í 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/82/EB, að því sé afdráttarlaust lýst yfir að viðkomandi dýr af hestaætt sé ekki ætlað til slátrunar til mannelis með því að:

a) fylla út og undirrita II. hluta IX. þáttar auðkennisskírteinisins og

b) ógilda III. hluta IX. þáttar auðkennisskírteinisins.

4. Ef dýr af hestaætt á að hljóta meðhöndlun við þau skilyrði sem um getur í 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/82/EB skal dýralæknirinn, sem ber ábyrgðina, færa tilskildar upplýsingar um lyfið, sem inniheldur efni sem talin eru upp í reglugerð (EB) nr. 1950/2006 og eru nauðsynleg til að meðhöndla dýr af hestaætt, inn í III. hluta IX. þáttar auðkennisskírteinisins.

Dýralæknirinn, sem ber ábyrgðina, skal færa inn dagsetningu síðustu lyfjagjafar, eins og mælt er fyrir um, og í samræmi við 4. mgr. 11. gr. tilskipunar 2001/82/EB skal hann upplýsa umsjónarmanninn um þá dagsetningu sem biðtími til afurðanýtingar, sem er ákvarðaður í samræmi við 3. mgr. 10. gr. sömu tilskipunar, fellur úr gildi.

VII. KAFLI

SKRÁR OG VIÐURLÖG

21. gr.

Gagnagrunnur

1. Þegar útgáfuaðili gefur út auðkennisskírteini, eða skráir auðkennisskírteini sem áður hafa verið gefin út, skal hann skrá í gagnagrunn sinn a.m.k. eftirfarandi upplýsingar um hvert dýr af hestaætt:

a) einkvæmt lífsnúmer,

b) tegund,

c) kyn,

d) litur,

e) dagsetning (dagur, mánuður og ár) fæðingar,

f) ef við á, a.m.k. síðustu 15 tölustafir kóðans sem merkissvarinn sendir frá sér eða kóðann sem tæki til auðkenningar með tíðni fyrir þráðlausar sendingar, sem ekki er í samræmi við staðalinn sem skilgreindur er í b-lið 2. mgr. 2. gr., sendir frá sér ásamt upplýsingum um aflestrartæki sem krafist er eða staðgönguaðferð,

g) fæðingarland,

h) útgáfudagur auðkennisskírteinis og allar breytingar á því,

i) nafn og heimilisfang einstaklingsins sem auðkennisskírteinið er gefið út á,

j) staða dýrs sem skráðs dýrs af hestaætt eða dýrs af hestaætt til ræktunar og framleiðslu,

k) nafn dýrs (fæðingarheiti og ef við á, verslunarheiti),

l) þekkt staða dýrsins sem dýrs sem er ekki ætlað til slátrunar til mannelis,

m) upplýsingar sem varða öll afrit af auðkennisskírteini eða staðgönguauðkennisskírteini í samræmi við 16. og 17. gr.,

n) tilkynnt dauðadægur dýrsins.

2. Útgáfuaðilinn skal varðveita upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar á skrá í gagnagrunni sínum eigi skemur en 35 ár eða a.m.k. uns tvö ár eru liðin frá dauðadægri dýrsins af hestaætt sem tilkynnt er um í samræmi við c-lið 1. mgr. 19. gr.

3. Útgáfuaðilinn skal þegar í stað eftir skráningu upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar tilkynna upplýsingarnar sem um getur í a- til f-liðum og n-lið þeirrar málsgreinar til miðlægs gagnagrunns í því aðildarríki þar sem dýrið af hestaætt fæddist, svo fremi slíkur miðlægur gagnagrunnur sé tiltækur í samræmi við 23. gr.

22. gr.

Upplýsingar um kóða gagnagrunna útgáfuaðilanna

Aðildarríkin skulu gera nöfn, heimilisföng, þ.m.t. upplýsingar um tengiliði, og sex tölustafa auðkenniskóða gagnagrunna útgáfuaðilanna, sem samrýmist UELN-kerfinu, aðgengileg fyrir önnur aðildarríki og almenning á vefsetri.

Í því skyni að aðstoða aðildarríkin við að gera þessar upplýsingar aðgengilegar skal framkvæmdastjórnin halda úti vefsetri þar sem hvert aðildarríki skal setja hlekk á eigið vefsetur.

23. gr.

Miðlægir gagnagrunnar, samstarfsaðilar og tengiliðir

1. Aðildarríki getur ákveðið að útgáfuaðili skuli færa upplýsingarnar, sem um getur í 21. gr., um dýr af hestaætt sem eru fædd eða auðkennd á yfirráðasvæði þess inn í miðlegan gagnagrunn eða að gagnagrunnur viðkomandi útgáfuaðila skuli nettengdur þeim miðlæga gagnagrunni (miðlægur gagnagrunnur).

2. Aðildarríkin skulu hafa með sér samstarf um starfrækslu miðlægra gagnagrunna sinna í samræmi við tilskipun 89/608/EBE.

3. Aðildarríkin skulu gera nafn, heimilisfang og sex tölustafa auðkenniskóða miðlægs gagnagrunns síns, sem samrýmist UELN-kerfinu, aðgengileg fyrir önnur aðildarríki og almenning á vefsetri.

Í því skyni að aðstoða aðildarríkin við að gera þessar upplýsingar aðgengilegar skal framkvæmdastjórnin halda úti vefsetri þar sem hvert aðildarríki skal setja hlekk á eigið vefsetur.

4. Aðildarríkin skulu útvega tengilið til að taka við vottorðinu, sem um getur í c-lið 1. mgr. 19. gr., til frekari dreifingar til viðkomandi útgáfuaðila sem samþykktir eru á yfirráðasvæði þeirra.

Tengiliðurinn getur verið samskiptastofnunin sem um getur í 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

Upplýsingar um tengilið, sem má fella inn í miðlæga gagnagrunninn, skulu aðgengilegar öðrum aðildarríkjum og almenningi á vefsetri.

Í því skyni að aðstoða aðildarríkin við að gera þessar upplýsingar aðgengilegar skal framkvæmdastjórnin halda úti vefsetri þar sem hvert aðildarríki skal setja hlekk á eigið vefsetur.

24. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem mælt er fyrir um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði eigi síðar en 30. júní 2009. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni án tafar um allar síðari breytingar á þeim.

VIII. KAFLI

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

25. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun 93/623/EB og ákvörðun 2000/68/EB eru felldar úr gildi frá og með 1. júlí 2009.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvarðanirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð.

26. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Litið skal svo á að dýr af hestaætt, sem eru fædd eigi síðar en 30. júní 2009 og auðkennd með þeirri dagsetningu í samræmi við ákvörðun 93/623/EBE eða ákvörðun 2000/68/EB, sé auðkennd í samræmi við þessa reglugerð.

Auðkennisskírteini fyrir þessi dýr af hestaætt skulu skráð í samræmi við 1. mgr. 21. gr. þessarar reglugerðar, eigi síðar en 31. desember 2009.

2. Dýr af hestaætt, sem eru fædd eigi síðar en 30. júní 2009 en eru ekki auðkennd með þeirri dagsetningu í samræmi við ákvörðun 93/623/EBE eða ákvörðun 2000/68/EB, skulu auðkennd í samræmi við þessa reglugerð eigi síðar en 31. desember 2009.

27. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri

I. VIÐAUKI

AUÐKENNISKÍRTEINI FYRIR DÝR AF HESTAÆTT

VEGABRÉF

Almennt - Leiðbeiningar

Þessar leiðbeiningar eru teknar saman til að aðstoða notandann og standa ekki í vegi fyrir reglunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 504/2008.

- I. Vegabréfið skal innihalda allar leiðbeiningar sem eru nauðsynlegar til notkunar þess og upplýsingar um útgáfuaðilann á frönsku, ensku og einu opinberu tungumáli aðildarríkisins eða landsins þar sem útgáfuaðilinn er með höfuðstöðvar.
- II. Upplýsingar sem koma fram í vegabréfinu
 - A. Vegabréf skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

1. I. og II. þáttur — Auðkenning

Lögbært yfirvald skal auðkenna dýrið af hestaætt. Kenninúmerið skal auðkenna dýrið og aðilann sem gaf út auðkennisskírteinið með skýrum hætti og skal samrýmast UELN-kerfinu.

Í 5. lið I. þáttar skal gera ráð fyrir plássi fyrir a.m.k. 15 tölustafi kóða merkissvarans.

Ef um er að ræða skráð dýr af hestaætt skal vegabréfið hafa að geyma ættartölu og þann ættbókarflokk sem dýrið er skráð í, í samræmi við reglur viðurkenndu ræktunarsamtakanna sem gáfu vegabréfið út.

2. III. þáttur — Eigandi

Nafn eiganda eða umboðsaðila/fulltrúa hans skal koma fram ef útgáfuaðili fer fram á það.

3. IV. þáttur — Skráning á sannprófun auðkenna

Þegar lög og reglur útheimta eftirlit með auðkennum dýra af hestaætt skal lögbært yfirvald skrá eftirlitið.

4. V. og VI. þáttur — Bólusetningarkort

Allar bólusetningar skulu skráðar í V. þátt (einungis hestainflúensa) og í VI. þátt (allar aðrar bólusetningar). Upplýsingarnar geta verið í formi sjálfmánda miða.

5. VII. þáttur — Heilbrigðisprófanir á rannsóknarstofu

Niðurstöður allra prófana sem gerðar eru til þess að greina smitandi sjúkdóma skulu skráðar.

6. VIII. þáttur — Gildistími skjals vegna tilflutninga

Ógilding/endurfullgilding skjalsins í samræmi við 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/426/EBE og skrá yfir sjúkdóma sem skylt er að tilkynna um.

7. IX. þáttur — Gjöf dýralfja

I. og II. eða III. hluta þessa þáttar skal fylla út á viðeigandi hátt í samræmi við leiðbeiningarnar sem settar eru fram í þessum þætti.

- B. Vegabréf getur innihaldið eftirfarandi upplýsingar:

X. þáttur — Grunnkröfur um heilbrigði


I. ÞÁTTUR

A-hluti — Sanngreiningarupplýsingar

<p>1) a) Espece: Tegund:</p> <p>1) b) Sexe: Kyn:</p> <p>2) Date de naissance Fæðingardagur</p>	<p>4) Numéro unique d'identification valable a vie (15 chiffres): Tegund: Einkvæmt lífsnúmer (15 tölustafir):</p> <p>□□□-□□□-□□□□□□□□□□</p> <p>5) Code du transpondeur (si disponible): Merkissvarakóði (liggi hann fyrir): Système de lecture (si différent de ISO 11784) Aflestrartæki (ef annað en ISO-11784) Code-barres (optionnel) Strikamerki (valkvætt)</p>
<p>3) Signalement: Lýsing:</p> <p>3) a) Robe: Litur</p> <p>3) b) Tête: Haus</p>	<p>6) Methode de marquage alternative (si disponible): Staðgönguáðferð við merkingu (ef hún er fyrir hendi):</p>
<p>3) c) Ant. G: Vinstri framfótur:</p> <p>3) d) Ant. D: Hægri framfótur:</p> <p>3) e) Post G: Vinstri afturfótur:</p>	<p>7) Information sur toute autre méthode appropriée donnant des garanties pour vérifier l'identité de l'animal (groupe sanguin/code ADN) (optionnel): Upplýsingar um aðra viðeigandi áðferð sem veitir ábyrgðir fyrir því að unnt sé að sanngreina dýrið (blóðflokkur/DNA-kóði) (valkvætt):</p>
<p>3) f) Post D: Hægri afturfótur:</p> <p>3) g) Corps: Skrokkur</p> <p>3) h) Marques: Merkingar:</p>	<p>8) Nom et adresse du destinataire du document: Nafn og heimilisfang einstaklingsins sem skjalið er gefið út á:</p>
<p>9) Le: Hinn:</p> <p>10) Circonscription: Hérað:</p>	<p>11) Signature et cachet de la personne qualifiée (ou de rautorité competente) (en lettres capitales) Undirritun og stimpill einstaklingsins sem er til þess bær (eða lögbærs yfirvalds) (með hástöfum)</p>

I. PÁTTUR

B-hluti — Skýringarmynd



Athugasemd til útgáfuáðila (prentist ekki í vegabréfi): Lítils háttar frávik frá þessari fyrirmynd að skýringarmynd eru heimilud, að því tilskildu að þau hafi verið í notkun fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

II. ÞÁTTUR
Certificat d'origine
Certificate of Origin

1) Nom: Heiti:	2) Nom commercial: Verslunarheiti:
3) Race: Kyn:	4) Classe dans le livre genealogique: Ættbókarflokkur:
5) Père genetique: Erfðafræðilegur faðir:	5) a) Grand-père: Afi:
6) Mere génétique: Erfðafræðileg móðir:	6) a) Grand-père: Afi:
7) Lieu de naissance: Fæðingarstaður:	<i>Athugasemd:</i> Pedigree (si indiqu sur page additionnIIIs) Ættartala (á viðbótarsíðu, ef við á)
8) Naisseur(s): Ræktandi eða ræktendur:	
9) Certificat d'origine validé le: par: Upprunavottorð, fullgilt: af:	10) a) Nom de l'instance émetteur: Heiti útgáfuaðila: 10) b) Adresse: Heimilisfang:
10) c) N° de téléphone: Símanúmer:	10) d) N° de télécopie/e-mail: Bréfasímanúmer/tölvupóstfang:
10) e) Cachet: Stimpill:	10) f) Undirritun: (nom en lettres capitales et qualite du signataire) Undirritun: (Nafn, ritað með hástöfum, og staða undirritunaraðila)

Athugasemd til útgáfuaðila (prentist ekki í auðkennisskríteini): Frávik frá þessari fyrirmynd eru leyfð að því tilskildu að kröfur um lágmarksupplýsingar séu uppfylltar.

III. ÞÁTTUR

(Fyllist aðeins út ef samtökin, sem um getur í c-lið 2. gr. tilskipunar 90/426/EEB, krefjast þess og í samræmi við reglur þeirra)

Détails de droit de propriété

1. Pour les compétitions sous compétence de la Fédération équestre internationale, la nationalité du cheval est celle de son propriétaire.
2. En cas de changement de propriétaire, le passeport doit être immédiatement déposé auprès de l'organisation, l'association ou le service officiel l'ayant délivré avec le nom et l'adresse du nouveau propriétaire afin de le lui transmettre après réenregistrement.
3. S'il y a plus d'un propriétaire ou si le cheval appartient à une société, le nom de la personne responsable pour le cheval doit être inscrit dans le passeport ainsi que sa nationalité. Si les propriétaires sont de nationalités différentes, ils doivent préciser la nationalité du cheval.
4. Lorsque la Fédération équestre internationale approuve la location d'un cheval par une Fédération équestre nationale, les détails de ces transactions doivent être enregistrés par la Fédération équestre nationale intéressée.

(opinbert tungumál aðildarríkis/lands)**Upplýsingar um eignarhald**

1. Þegar um er að ræða keppni sem haldin er undir merkjum Fédération équestre internationale telst þjóðerni hestsins vera það sama og þjóðerni eiganda hans.
2. Við eigendaskipti skal vegabréfið þegar í stað lagt fram hjá samtökunum, félaginu eða opinberu stofnuninni sem gaf það út ásamt nafni og heimilisfangi nýs eiganda, til endurskráningar og framsendingar til nýja eigandans.
3. Ef eigandi er fleiri en einn eða ef hesturinn er í eigu fyrirtækis skal fara nafn einstaklingsins sem ber ábyrgð á hestinum inn í vegabréfið ásamt þjóðerni hans. Ef eigendur eru af mismunandi þjóðerni skulu þeir ákvarða þjóðerni hestsins.
4. Ef Fédération équestre internationale samþykkir að landsbundin samtök hestamanna leigi hestinn skulu upplýsingar um þau viðskipti skráð hjá viðkomandi samtökum hestamanna.

Date d'enregistrement par l'organisation, l'association ou le service officiel Dagsetning skráningar á vegum samtaka, félags eða opinberrar stofnunar	Nom du propriétaire Nafn eiganda	Adresse du propriétaire Heimilisfang eiganda	Nationalité du propriétaire Þjóðerni eiganda	Signature du propriétaire Undirritun eiganda	Cachet de l'organisation, association ou service officiel et signature Stimpill samtaka, félags eða opinberrar stofnunar og undirritun

Athugasemd til útgáfuáðila (prentisr ekki í vegabréfi): Textinn í 1. til 4. lið þessa þátta, eða hluti hans, skal aðeins prentaður ef hann er í samræmi við reglur samtakanna sem um getur í c-lið 2. gr. tilskipunar 90/426/EEB.

VIII. ÞÁTTUR

INVALIDATION/REVALIDATION DU DOCUMENT DANS LE CADRE DES MOUVEMENTS

Conformément à l'article 4, paragraphe 4, de la directive 90/426/CEE

ÓGILDING/ENDURGILDING SKJALSINS VEGNA TILFLUTNINGA

Í samræmi við 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/426/EEB

Date Dagsetning	Lieu Staður	Validité du document Gáldistími skjals		Maladie Sjúkdómur (útfyllist eins og getið er hér á eftir)	Nom en capitales et signature du vétérinaire officiel Nafn opinbers dýralæknis ritað með hástöfum og undirritun hans
		Validité suspendue Tímabundin ógilding	Validité rétablie Gáldistími endurnýjaður		

MALADIES À DÉCLARATION OBLIGATOIRE — SJÚKDÓMAR SEM SKYLTER AD TILKYNNNA UM	
1. Peste équine — African horse sickness — afríkuhrössapest	5. Encéphalomyélite équine (sous toutes ses formes, y compris la VEE) — equine encephalomyelitis (all types including VEE) — heila- og mænubólga í hestum (öll afbrigði, þ.m.t. venesúlaheila- og mænubólga í hestum)
2. Stomatite vésiculeuse — vesicular stomatitis — munnblóðrubólga	6. Anémie infectieuse — equine infectious anaemia — smitandi blóðleysi í hestum
3. Dourine — dourine — dúrin	7. Rage — rabies — hundæði
4. Morve — glanders — snif	8. Fièvre charbonneuse — anthrax — miltisbrandur

IX. ÞÁTTUR
Gjöf dýralyflja

Einkvæmt lífsnúmer (¹) □□□□-□□□□□□-□□□□□□□□□□
--

I. hluti

Dagsetning og útgáfustaður þessa þáttar (¹):

Útgáfuaðili fyrir þennan þátt auðkennisskráreisins (¹):

II. hluti

Athugasemd: Dýrið af hestaætt er ekki ætlað til slátrunar til mannelis.

Því má gefa dýrinu af hestaætt þau dýralyf sem eru leyfð í samræmi við 3. mgr. 6. gr. eða þau sem eru gefin í samræmi við 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/82/EB.

Ég undirritaður eigandi (²)/fulltrúi eigandans (²)/umsjónarmaður (²) lýsi því yfir að dýrið af hestaætt, sem lýst er í þessu auðkennisskráreisni, er ekki ætlað til slátrunar til mannelis.	
Dagsetning og staður	Nafn eigandans, fulltrúa eigandans eða umsjónarmanns dýrsins, ritað með hástófum og undirritun hans.
	Nafn opinbers dýralæknis sem ber ábyrgðina, í samræmi við 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/82/EB, og undirritun hans.

X. ÞÁTTUR**Exigences sanitaires de base
Les exigences ne sont pas valables pour l'introduction dans la Communauté****Grunnkröfur um heilbrigði
Þessar kröfur eru ekki gildar til innkomu í Bandalagið**

Je soussigné ⁽¹⁾ certifie que l'équidé décrit dans ce passeport satisfait aux conditions suivantes:

Ég undirritaður ⁽¹⁾ votta hér með að dýrið af hestaætt, sem lýst er í þessu vegabréfi, uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- a) il a été examiné ce jour, ne présente aucun signe clinique de maladie et est apte au transport;
það var skoðað í dag, sýnir engin klínísk einkenni sjúkdóms og er hæft til flutnings,
- b) il n'est pas destiné à l'abattage dans le cadre d'un programme national d'éradication d'une maladie transmissible;
það er ekki ætlað til slátrunar samkvæmt landsbundinni útrýmingaráætlun vegna smitsjúkdóms,
- c) il ne provient pas d'une exploitation faisant l'objet de mesures de restriction pour des motifs de police sanitaire et n'a pas été en contact avec des équidés d'une telle exploitation;
það kemur ekki frá bújörð sem sætir takmörkunum af ástæðum sem varða heilbrigði dýra og hefur ekki verið í snertingu við dýr af hestaætt á slíkri bújörð,
- d) à ma connaissance, il n'a pas été en contact avec des équidés atteints d'une maladie transmissible au cours des 15 jours précédant l'embarquement.
samkvæmt minni bestu vitund hefur það ekki verið í snertingu við dýr af hestaætt, sem haldið er smitsjúkdómi, næstliðna fimmtán daga fyrir ferlingu.

**LA PRÉSENTE CERTIFICATION EST VALABLE 10 JOURS À COMPTER DE LA DATE DE SA SIGNATURE
PAR LE VÉTÉRINAIRE OFFICIEL**

ÞETTA VOTTORÐ GILDIR Í TÍU DAGA FRÁ ÞVÍ AÐ OPINBER DÝRALÆKNIR UNDIRRITAR ÞAÐ.

⁽¹⁾ Ce document doit être signé dans les 48 heures précédant le déplacement international de l'équidé.
Þetta skjal skal undirrita innan 48 stunda áður en dýr af hestaætt er flutt milli landa.

Date Dagsetning	Lieu Staður	Pour des raisons épidémiologiques particulières, un certificat sanitaire séparé accompagne le présent passeport Af sérstökum faraldsfræðilegum ástæðum fylgir aðskilið heilbrigðisvottorð með þessu vegabréfi.	Nom en capitales et signature du vétérinaire officiel Nafn opinbers dýralæknis ritað með hástöfum og undirritun hans
		Oui/non (barrer la mention inutile) Já/nei (strikið út það sem ekki á við)	
		Oui/non (barrer la mention inutile) Já/nei (strikið út það sem ekki á við)	
		Oui/non (barrer la mention inutile) Já/nei (strikið út það sem ekki á við)	
		Oui/non (barrer la mention inutile) Já/nei (strikið út það sem ekki á við)	
		Oui/non (barrer la mention inutile) Já/nei (strikið út það sem ekki á við)	
		Oui/non (barrer la mention inutile) Já/nei (strikið út það sem ekki á við)	

II. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM VISTAÐAR ERU Í SNJALLKORTINU

Snjallkortið skal a.m.k. innihalda eftirfarandi:

1. **Sýnilegar upplýsingar:**

- útgáfuaðili
- einkvæmt lífsnúmer
- nafn
- kyn
- litur
- síðustu 15 tölustafir kóðans sem merkissvarinn sendir frá sér (eins og við á)
- ljósmynd af dýrinu af hestaett

2. **Rafrænar upplýsingar sem eru aðgengilegar þegar notaður er staðlaður hugbúnaður:**

- a.m.k. allar skyldubundnar upplýsingar í A-hluta I. þáttar í auðkennisskrárinu.